

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Skarðshlíð, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. maí 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Skarðshlíð. Skipulagsbreytingin tekur til svæðis innan jarðarinnar, þar sem að byggingarreiturinn S3 er stækkaður til vesturs. Fjöldi húsa og byggingarskilmálar breytast ekki og gilda skilmálar eldra deiliskipulags með síðari breytingum. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hellishólar, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. maí 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hellishóla. Deiliskipulagsbreytingin tekur til svæðis innan jarðarinnar, þar sem að núverandi fristundahúsalóðum er breytt í íbúðarhúsalóðir. Einungis er um breytingu á landnotkun að ræða og halda því aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 15. júlí 2019.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2019